



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Enska 6. bekkur

Kennarar: Íris Arnardóttir

Megintilgangur náms í erlendum tungumálum er að nemendur læri að nota málið í fjölbreyttum aðstæðum, auki leikni sína í ræðu, ritun, hlustun og lestur og öðlist skilning á menningu og lífnaðarháttum annarra. Tungumálanám styrkir víðsýni, eykur þátttöku í alþjóðasamfélagi og dýpkar skilning á eigin tungumáli og menningu. Kennslan á að byggja á samþættingu hæfniviðmiða og skapa tækifæri til að nota tungumálið á raunverulegan og skapandi hátt. Nemendur þurfa að fá að tengja námið eigin reynslu og áhugamálum, þjálfra tjáningu, hlustun og lesskilning og læra að beita tungumálinu markvisst og af öryggi. Íslendingar þurfa góða enskukunnáttu vegna stöðu enskunnar í viðskiptum, vísindum, upplýsingatækni og menntun. Þá gegna Norðurlandamál lykilhlutverki í samskiptum og menningartengslum innan Norðurlanda, og nemendur með tengsl við Noreg eða Svíþjóð eiga að geta stundað nám í norsku eða sænsku. Góð kunnáttu í erlendu tungumáli er því mikilvægur lykill að því að taka þátt í samfélagi sem er sífellt fjölbreyttara og alþjóðlegra.

Námið stuðlar að tæknilæsi, miðlalæsi og ábyrgri notkun upplýsinga þar sem nemendur þjálfast í gagnrýninni hugsun, sköpun, samvinnu og lausnaleit. Kennslan á að efla tæknivitund nemenda, áhuga á stafrænum lausnum og hæfni til að skilja og bregðast við tæknilegum áskorunum nútímans. Með því að samþætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar fá nemendur tækifæri til að tengja tækni við raunveruleg viðfangsefni og þróa hæfni sem nýtist þeim í námi, leik, starfi og lýðræðislegri samfélagsþátttöku.

[Aðalnámskrá grunnskóla - Erlend tungumál](#)

Meginviðfangsefni

Áhersla verður lögð á að efla hlustunar-, lesskilnings-, tjáningar- og ritunarferni nemenda á ensku með fjölbreyttum verkefnum og skapandi vinnulagi. Nemendur taka þátt í verkefnum sem byggja á samvinnu, leikrænum aðferðum og notkun stafræns efnis.

Helstu viðfangsefni verða:

- **Ritun og skapandi textagerð:** Ritunardagbók, sögugerð og stutt ritunarverkefni.
- **Lesskilningur og bókmenntavinna:** lestur bóka og myndasagna, hlustun á bók og unnið með lesskilning samhliða.
- **Hlustun og tal:** Hlustunarverkefni og samtalsæfingar.
- **Málfræði og orðaforði:** Grunnorðaforði, málfræðikannanir, fjölbreyttar æfingar.
- **Samvinnu- og sköpunarverkefni:** Podcast, video og önnur skapandi verkefni.



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [Leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

Námsgögn

- Lestrarbækur: Yes We Can 6
- Orðavinna: Glósur úr Yes We Can 6, verkefni í Go-formative
- Vinnubók: Efni frá kennara og verkefni úr bók
- Hlustun: Efni frá kennara og efni úr bók
- Ýmis gagnvirk verkefni frá kennara sem eflir orðaforða
- Einstaklings- og hópavinna
- Bækur á ensku að eigin vali í gegn um getepic.com

Námsmat

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat. Sjálfsmat og jafningjamat, kannanir og æfingar, færni og áræðni í tímum, glósubók og vinnubók, verkefni og próf. Nemendur fá að velja um ýmsar leiðir til þess að tjá skilning sinn á tilteknu viðfangsefni. Mikilvægt er að nemendur skili verkefnum jafnt og þétt yfir önnina til þess að tryggja að matið gefi rétta mynd af stöðu nemanda.